

Í febrúar síðastliðnum kynnti Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra, drög að áherslum og verklagi við gerð matvælastefnu á Samráðsgátt stjórnvalda. Veittur var frestur til 22. mars 2022 til að veita umsögn um drögin. Alls bárust 24 umsagnir og þakkar ráðuneytið þeim sem sendu inn umsagnir fyrir þeirra framlag. Umsagnir sem voru veittar voru fjölbreyttar og munu þær nýtast ráðuneytinu vel í komandi stefnumótunarvinnu.

Með greinargerð þessari freistar ráðuneytið þess að svara innsendum umsögnum með almennum hætti. Þar sem umfjöllunarefni umsagna má að meginstefnu skipta í sjávarútvegs-, lagareldis- og landbúnaðarmál verður stuðst við þá skiptingu hér að neðan.

1. Lagareldi

Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að fyrirhuguð stefnumótunarvinna verði faglega unnin og fari fram í gagnsæju ferli. Með stefnumótuninni er ætlunin að koma á lagaumgjörð sem skapar rekstraraðilum fyrirsjáanleika en tryggir jafnframt sanngjarna gjaldtöku af greininni. Við mótun lagaumgjarðarinnar verður gætt þess að vistkerfisnálgun og varúðarregla ráði för við þróun greinarinnar enda er það grunnforsenda fyrir að greinin nái að vaxa og dafna á sjálfbæran hátt.

Ráðuneytið mun leitast við að læra af öðrum þjóðum og nýta þá þekkingu sem þar hefur orðið til. Telur ráðuneytið slíka nálgun nauðsynlega enda er greinin í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Til þess að greina samkeppnishæfni Íslands mun ráðuneytið gera ítarlegan samanburð á lagareldum hérlandis við m.a. Noreg og Færeyjar. Niðurstaða úr þeirri greiningu mun síðan verða grundvöllur fyrir frekari skoðun á þáttum eins og stjórnsýslu leyfismála, reglugerðum, og gjaldtöku. Leiðarljós í þessari vinnu verður hvernig tryggja megí vernd umhverfis og náttúru um leið og skapaðar verði forsendur aukinnar verðmætasköpunar.

Í ýmsum umsögnum var bent á að mjög stór hluti rekstrarleyfa í sjókvíaeldi sé á höndum aðila sem eru að mestu í erlendri eigu. Er þetta eitt af þeim atriðum sem skoðað verður í fyrirhugaðri stefnumótun. Verður vegið og metið hverjir kostirnir og gallarnir séu við slíkt eignarhald og að því hagmunamati loknu verður svo litið til þess hvort og hvaða skref hægt sé að taka næst m.t.t. m.a. EES-samningsins.

Þar sem nokkrar umsagnir bera með sér að óljóst sé hvernig leyfisveitingu fyrir sjókvíaeldi verði háttáð meðan vinna við stefnumótun stendur yfir þykir ráðuneytinu rétt að útskýra það hér með skýrari hætti. Nokkur fjöldi nýrra leyfa til sjókvíaeldis hafa verið gefin út síðustu misseri. Enn eru til meðferðar nokkur fjöldi umsókna, sem héldu gildi sínu árið 2019, á grundvelli svonefnds bráðabirgðaákvæðis II við lög um fiskeldi. Að þessum leyfum frágengnum verður aðeins hægt að sækja um leyfi að undangengnu almennu útboði til samræmis við bráðabirgðaákvæði IX. í lögum um fiskeldi. Meðan stjórnsýsluúttektar og stefnumótunar er beðið verður ekki farið í slíkt útboð af hálfu ríkisins.

Að endingu tekur ráðuneytið undir ábendingar um að í drögin hafi vantað umfjöllun um ræktun þörunga. Svo virðist sem þar geti verið um nokkur tækifæri að ræða fyrir íslensk fyrirtæki en ljóst er að reglur skortir sem ná nægilega til ræktunarinnar. Eitt af verkefnum fyrirhugaðrar stefnumótunarinnar er að bæta úr þessu.

2. Sjávarútvegur

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar kemur fram að skipuð verði nefnd til að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum og meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Nefndinni verði falið að bera saman stöðuna hér- og erlendis og leggja fram tillögur til að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar. Nefndin fjalli einnig um hvernig hægt er að auka gagnsæi í rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi og þá sérstaklega meðal stærstu fyrirtækja landsins. Þá meti nefndin árangur af atvinnu- og byggðakvóta og strandveiðum til að styðja við atvinnulíf á landsbyggðinni.

Meðal sjónarmiða í umsögnum var að huga verði að því að stjórnvöld búi atvinnugreininni skynsamlega og vel hugsaða rekstrarumgjörð með þeim stjórnækjum sem þau hafa yfir að ráða. Fjalla verði á grundvelli ábatagreiningar um hvaða leiðir séu bestar að því marki. Þá var bent á að huga mætti að því að bæta samkeppnisstöðu sérhæfðra fiskvinnsla um aðgang að hráefni. Áherslu gætti einnig á mikilvægi þess að efla menntun í sjávarútvegi, sem væri þýðingarmikið fyrir tækniþróun og nýsköpun. Fram komu sjónarmið um að endurskoða yrði reglur um hámarksaflahlutdeildir, til að draga úr samþjöppun aflaheimilda hjá stærri fyrirtækjum og koma með því til móts við athugasemdir í meirihlutaálfati mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2014. Í umsögnum var einnig fjallað um sérgreind mál eins og veiðistjórn grásleppu og strandveiðar. Loks má nefna að fram komu sjónarmið um að stefnumörkun til langs tíma væri afar mikilvæg fyrir sjávarútveg þar sem hún sé til þess fallin að styrkja samkeppnishæfni án þess að kröfum um sjálfbærni væri fórnað.

Ráðuneytið hefur farið yfir innsend sjónarmið í umsögnum, sem munu nýtast í vinnu nefndarinnar um kortlagningu áskorana og tækifæra í sjávarútvegi og tengdum greindum. Ráðuneytið leggur áherslu á að víðtækt samráð verði um þessa vinnu, hún verði markviss og að hún geti af sér tillögur að breytingum á lögum og reglum sem séu til þess fallnar að skapa tryggn ramma um sjávarútveg um leið og stuðlað verði að því að auka sátt um atvinnugreinina. Með því verður einnig að skoða atriði er varða nýliðun og þátttöku ólíkra kynja. Það mun áfram verða leiðarstef hvort sem um ræðir ákvarðanir er varða nýtingu auðlinda eða vernd umhverfis og náttúru að miða við að allar ákvarðanir hafi vísindalegan grunn, þannig að tryggð sé sjálfbærni hvað varðar nýtingu og vernd, umhverfi, efnahag og samfélag.

3. Landbúnaður

Fyrir liggja tillögur að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, Ræktum Ísland! Umsagnir gefa til kynna almenna ánægju með þær tillögur og það verklag sem fylgt var við gerð stefnutillagnanna. Þó þykir óljóst hvernig samspil mótun matvælastefnu og tillagna sem fram koma í Ræktum Ísland! verði háttað.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að tillaga að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland verði lögð fram á Alþingi á fyrri hluta kjörtímabilsins. Verður þar byggt á grunni vinnu verkefnisstjórnar um landbúnaðarstefnu, Ræktum Ísland!, sem nú liggur fyrir. Rétt er að árétta að upphaf vinnu við mótun landbúnaðarstefnu má rekja til vinnu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga fyrir rúmum þremur árum. Árið 2020 var síðan skipuð verkefnisstjórn sem var falið að vinna tillögu að mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland og skilaði hún sínum tillögum í skjalinu Ræktum Ísland! í september 2021.

Í umsögnum er bent á mikilvægi þess að leggja áherslu á fæðu- og matvælaöryggi. Tekið er undir þessar ábendingar. Ráðuneytið bendir á að vinna við mótun fæðuöryggistefnu hefur verið í gangi undanfarið en Landbúnaðarháskóla Íslands var falið að vinna tillögur til vinnslu stefnunnar. Til grundvallar stefnumótuninni liggur meðal annars skýrsla Landbúnaðarháskólans um fæðuöryggi frá 2021. Matvælaráðherra hefur nú lagt fyrir ríkisstjórn tillögur og greinagerð Landbúnaðarháskóla Íslands að fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland. Tillögurnar eru í 16 liðum og miða að því að efla fæðuöryggi á Íslandi. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er áhersla lögð á fæðuöryggi og kemur m.a. fram að við endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu. Stuðningur hins opinbera verði samhæfur með það að markmiði að styrkja og fjölga stofnum landbúnaðar á grunni sjálfbærar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun. Þá er í umsögnum bent á mikilvægi þess að sett séu töluleg en raunhæf markmið um eflingu lífræns landbúnaðar og framleiðslu. Tekið er undir með umsagnaraðilum og bendir ráðuneytið jafnframt á að í stjórnarsáttmála kemur fram að mótuð verði heildstæð, tímasett aðgerðaráætlun til eflingar lífrænni framleiðslu og akuryrkju.